

ÁRSSKÝRSLA 2024

Starfsáætlun 2025

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
VESTFJARÐA



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Kennitala 511199-2049
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður
Heimasíða frmst.is
Netfang frmst@frmst.is
Ársskýrsla 2024 og starfsáætlun 2025

Mái 2025

Efnisyfirlit

Fræðslumiðstöð Vestfjarða.....	4
Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2024	5
Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum	6
Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2024.....	6
Kennarar og leiðbeinendur	7
Starfsstöðvar og starfsaðstaða.....	7
Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	8
Formlegir samstarfsaðilar	8
Námið	10
Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl	15
Raunfærnimat.....	16
Þjónusta við atvinnulíf og skóla.....	17
Samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði	18
Samstarf símenntunarmiðstöðva og fullorðinsfræðsluaðila	18
Þróunarverkefni - samstarfsverkefni.....	19
Viðurkenning fræðsluaðila	19
Gæðavottun.....	20
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025	21
Lokaorð	25
Viðauki – Gröf með upplýsingum úr starfseminni.....	26

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Hér gefur að líta 25. ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og er henni ætlað að lýsa starfsemi og verkefnum miðstöðvarinnar árið 2024. Einnig fylgir starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs og íbúa sérstaklega hafðar í huga. Lögð skal áhersla á að sem flestir íbúar Vestfjarða hafi aðgang að þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu. Fræðslumiðstöðin hafi enn fremur forgöngu um fjarkennslu á sem flestum sviðum.

Helstu verkefni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða:

- Skipulagning og umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- Skipulagning og umsjón með íslenskunámskeiðum
- Skipulagning og umsjón með almennum námskeiðum
- Raunfærnimat
- Náms- og starfsráðgjöf
- Hvatningarviðtöl
- Fræðslustjóri að láni ásamt fræðsluáætlun
- Umsjón með Gefum íslensku séns
- Upplýsingamiðlun
- Nemendabókhald
- Afgreiðsla og bókhald
- Próftaka háskólanema og annarra á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði

Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2024

Við Fræðslumiðstöðina er starfrækt fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er þannig skipað í lok árs 2024:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	Margrét Geirsdóttir	Guðný Hildur Magnúsdóttir
Kjölur (áður FosVest)	Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir	Pórunn Sunneva Pétursdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Dagbjört Hjaltadóttir	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
Menntaskólinn á Ísafirði	Heiðrún Tryggvadóttir	Dóróthea M. Einarsdóttir
Náttúrustofa Vestfjarða	Sigurður Halldór Árnason	Hulda Birna Albertsdóttir
Útvegsmannafélag Vestfjarða	Einar Valur Kristjánsson - varaformaður fulltrúaráðs	Kristján G. Jóakimsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Guðrún Sigríður Matthíasdóttir	Margrét Jóhanna Birkisdóttir
Vestfjarðastofa	Sigríður Kristjánsdóttir	Aðalsteinn Óskarsson
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	Kristján G. Jóhannsson - formaður fulltrúaráðs	Sigurður Viggósson

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipuð fimm fulltrúum. Þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs, einn aðalfulltrúi og einn til vara eru tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði og þá á formaður fulltrúaráðs sjálfkrafa setu í stjórn og er varaformaður fulltrúaráðs varamaður hans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða skipa nú:

- Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, formaður, Kjölur stéttarfélag
- Arnheiður Jónsdóttir
- Heiðrún Tryggvadóttir, Menntaskólinn á Ísafirði
- Kristján G. Jóhannsson, Vinnuveitendafélag Vestfjarða, formaður fulltrúaráðs
- Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofa Vestfjarða

Varamenn stjórnar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
- Dóróthea Margrét Einarsdóttir, Menntaskólinn á Ísafirði
- Einar Valur Kristjánsson, Útvegsmannafélagi Vestfjarða, varaformaður fulltrúaráðs
- Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Margrét Birkisdóttir, Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Á milli aðalfunda hélt stjórnin 2 bókaða fundi. Formaður stjórnar og formaður fulltrúaráðs voru í tíðari samskiptum við forstöðumann.

Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að Háskólasetri Vestfjarða, Vestfjarðastofu og Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Eftirtaldir eru fulltrúar miðstöðvarinnar á aðalfundum/ársfundum þessara aðila:

Háskólasetur Vestfjarða: Aðalmaður Dagný Sveinbjörnsdóttir, varamaður Sædis María Jónatansdóttir.

Vestfjarðastofa: Aðalmaður: Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Starfsendurhæfing Vestfjarða: Aðalmaður Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Barbara Gunnlaugsson.

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2024

Í byrjun árs voru 4,15 stöðugildi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en í lok árs voru stöðugildin 4,85. Snemma árs 2024 urðu þær breytingar að Ilona Dobosz tók við starfi verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði og er í 50% starfshlutfalli. Á haustmánuðum tók Fræðslumiðstöðin við umsjón með verkefninu *Gefum íslensku séns* og varð Ólafur Guðsteinn Kristjánsson forgöngumaður verkefnisins þar með tímabundið starfsmaður miðstöðvarinnar í 50% stöðugildi þar til ráðið verður í starfið eftir auglýsingu. Þá hefur Helga Konráðsdóttir náms- og starfsráðgjafi að eigin ósk verið í 20% starfi þetta ár en starfshlutfall hennar var áður 50%.

Í lok árs 2024 störfuðu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í föstu starfi:



Andrea Gylfadóttir,
verkefnastjóri, 60% starf.



Barbara Maria Gunnlaugsson,
verkefnastjóri, 80% starf.



Dagný Sveinbjörnsdóttir,
verkefnastjóri, 50% starf.



Elzibeta Pawluczuk,
ræsting, 25% starfl.



Helga Konráðsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi, 20%
starf.



Ilona Dobosz,
verkefnastjóri, 50% starf.



Sólveig Bessa Magnúsdóttir,
verkefnastjóri, 50% starf.



Sædis María Jónatansdóttir,
forstöðumaður, 100% starf.

Kennarar og leiðbeinendur

Stór hluti af starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða byggist á vinnu verktaka sem sjá um kennslu námskeiða og námsleiða. Verktakar sjá líka um að vera matsaðilar í raunfærnimati.

Fræðslumiðstöðin leggur mikla áherslu á að þau sem kenna séu sérfræðingar á sínu sviði. Þótt miðstöðin sækir kennara út fyrir svæðið þá er lagt mikið upp úr því að fá kennara sem búa á Vestfjörðum. Með því er verið að nýta þá þekkingu sem til er á svæðinu, byggja upp reynslu og skapa atvinnu.

Árið 2024 voru verktakar vegna kennslu hjá miðstöðinni rúmlega 60 talsins og voru um tveir þriðju hluti þeirra búsettur á Vestfjörðum.

Starfsstöðvar og starfsaðstaða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða var um langan tíma verið með starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum, Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Frá hausti 2021 hefur miðstöðin hins vegar ekki haft fast aðsetur á Hólmavík en verið í góðu samstarfi við Strandabyggð, aðallega vegna próftöku.

Ísafjörður

Miðstöðin leigir rúmlega 300 fermetra húsnæði af Vestra ehf. á 1. hæð að Suðurgötu 12. Aðstaðan samanstendur af tveimur kennslustofum, þremur skrifstofurýmum, fundarherbergi og sameiginlegu rými. Þegar á þarf að halda hefur Fræðslumiðstöð getað leitað til Háskólaseturs Vestfjarða með auka kennslustofur. Fræðslumiðstöðin hefur fengið aðstöðu hjá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir verklega hluta vélgæslunáms og hjá Grunnskólanum á Ísafirði fyrir kennslu á matreiðslunámskeiðum.

Búnaður í kennslustofum er kominn til ára sinna og lengi verið þörf á endurnýju. Á árinu var ráðist í að kaupa ný borð í báðar kennslustofur auk þess sem keyptur var stór kennsluskjár sem kemur í stað skjávarpa í aðra stofuna. Fyrir liggur að endurnýja stóla á næsta ára.

Sumarið 2024 greindist mygla í húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar. Í kjölfarið var ráðist í viðamiklar framkvæmdir á skrifstofum, fundarherbergi og sameiginlegu rými sem stóðu yfir frá byrjun júlí og fram í nóvember. Fyrir liggur að lagfæra þarf aðra hluta húsnæðisins og er stefnt að því sumarið 2025. Á meðan á framkvæmdunum stóð hafði Fræðslumiðstöðin aðeins aðgang að einni kennslustofu sem varð að sameiginlegu skrifstofurými allra stafsmanna. Háskólasetur hljóp undir bagga varðandi kennsluhúsnæði auk þess sem leitað var til annarra aðila í bænum með aðstöðu fyrir námskeið.

Patreksfjörður

Til margra ára hefur Fræðslumiðstöðin verið með aðstöðu í Þekkingarsetrinu SKOR á Patreksfirði. Sú breyting varð á árinu að skrifstofa miðstöðvarinnar fluttist í Vatneyrabúð, nýuppgerð húsnæði sem miðstöðin deilir með fleiri stofnunum. Í Vatneyrabúð er aðstaða til kennslu fyrir smærri hópa og próftöku, bæði háskólapróf og önnur próf, en þegar upp koma verkefni fyrir stærri hópa eru húsnæðismál verið leyst með öðrum hætti.

Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Árið 2024 var rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða jákvæður um kr. 10.766.687,-. Verkefni ársins voru að mestu hefðbundin. Í sumarlokun voru áform um að gera lagfæringar vegna leka á suðurgafli húsnæðis Fræðslumiðstöðvar á Ísafirði. Framkvæmdin vatt verulega upp á sig þegar í ljós kom mygla. Framkvæmdum vegna myglu verður framhaldið á komandi ári. Á árinu voru keyptir nýir stólar í kennslustofur og stór skjár sem nýtist við kennslu.

Formlegir samstarfsaðilar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Símenntunarstöðvarnar voru færðar undir nýtt ráðuneyti, þ.e. frá menntamálaráðuneytinu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Fræðslumiðstöð Vestfjarða og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerðu með sér samning þann 1. janúar 2022 sem gildi til 31. desember 2023. Samningurinn var framlengdur með viðauka til 31. desember 2024. Í samningnum er kveðið á um þá þjónustu sem Fræðslumiðstöðin á að veita. Þar segir:

Fræðslumiðstöðin mun vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vestfjörðum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna þ.á.m. bjóða fólki með erlend móðurmál íslenskukennslu. Námsþjónusta, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi, meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Fræðslumiðstöðin skal vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vestfjörðum vegna framhaldsfræðslu og veita nenum á öðrum skólastigum þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Úthlutun til Fræðslumiðstöðvarinnar fyrir árið 2024 voru tæpar 31 milljónir.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti

Samningur um þróun samfélagsverkefnisins Gefum íslensku séns. Verkefnið miðar að því að efla áhuga innflytjenda á að læra og æfa sig í íslensku og vitundarvakningu um hvernig samfélög geta sem best skapað aðstæður til þess. Samningurinn gerir Fræðslumiðstöð kleift að ráða verkefnastjóra í 50% starf. Framlög vegna samningsins nema 12 milljónum króna. Markmið samningsins er að stuðla að inngildingunni fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslenskt samfélag með skipulagðri fræðslu og viðburðum sem virkjað geta nærumhverfi innflytjenda til þátttöku í tungumálalálfun þeirra.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. FA er með þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða sækir á hverju ári um úthlutun úr sjóðnum. Fyrir árið 2024 fengust rúmar 18,6 milljón til kennslu vottaðra námsleiða, rúmar 7,3 milljónir í raunfærnimat og tæpar 5,8 milljónir til náms- og starfsráðgjafar. Heilt yfir gengu verkefni ársins vel en þó var heldur meira fjármagn vegna raunfærnimats flutt til næsta árs eða um 6 milljónir.

Rannís vegna íslenskukennslu

Fræðslumiðstöðin hefur á hverju ári sótt um og gert samning við Rannís um styrki til íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Árið 2024 hljóðaði framlagið upp á 5,8 kr. vegna 36 námskeiða. Íslenskunámskeiðin gengu vel og áhrif frá verkefninu *Gefum íslensku séns* eru jákvæð og góð viðbót við námskeiðin.

Háskólasetur Vestfjarða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða hafa lengi verið með samning sín á milli þess efnis að miðstöðin sjáum um framkvæmd prófatöku á Patreksfirði og Hólmavík fyrir háskólana í landinu. Fá árinu 2022 hefur starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar einnig séð að hluta til um yfirsetu prófa á Ísafirði. Árið 2024 sá Fræðslumiðstöðin um próftöku alls 177 einstaklinga fyrir Háskólasetur. Þá hafa Fræðslumiðstöðin og Háskólasetur haft samvinnu sín á milli varðandi kennsluhúsnæði þegar önnur hvor stofnunin þarf auka kennslurými sem kom sér mjög vel á árinu þegar báðar stofnanir þurftu að bregðast við vegna myglumála en þó ekki á sama tíma.

Fjölmennt

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra og hefur sá samningur verið endurnýjaður árlega. Í samningnum er kveðið á um að Fræðslumiðstöðin skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vestfjörðum. Framlög til námskeiðahalds voru 3 milljónir á árinu 2024 og voru 14 námskeið/hópar.

Rauði krossinn á Ísafirði

Fræðslumiðstöðin og deild Rauða krossins á Ísafirði hafa um langt skeið verið með samning sín á milli um skyndihjálparnámskeið á þann hátt að miðstöðin sér um utanumhald en Rauði krossinn leggur til kennara og búnað.

Námið

Fjöldi námskeiða, þátttakendur, nemendastundir, staðsetning námskeiða og búseta

Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður upp á fjölbreytt nám bæði að innihaldi og lengd. Náminu er skipt í vottaðar námsleiðir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, íslensku fyrir útlendinga, réttindanám, almenn námskeið (bæði starfstengd og ætluð til eflingar á persónulegri færni) og nám fyrir fólk með fötlun. Námskeiðin eru allt frá 1-2 klukkustunda fyrirlestrum eða örnámskeiðum upp í tæplega 400 kennslustunda nám. Fjallað er stuttlega um hvern flokk síðar í þessari samantekt auk þess sem finna má gröf með nánari upplýsingum í viðauka.

Árið 2024 stóð Fræðslumiðstöðin fyrir 111 námskeiðum og voru þátttakendur alls 1.089. Þetta er aukning frá fyrra ári þegar námskeiðin voru 103 og þátttakendurnir 958 þátttakendur.

Nemendastundir hjá Fræðslumiðstöðinni árið 2024 voru alls 47.562 samanborið við 41.840 árið á undan. Nemendastundir eru mælikvarði á umfangi fræðslustarfs en þar er búið að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Nánar er fjallað um nemendastundir í einstökum flokkum hér á eftir.

Námskeiðsflokkar	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda
Almenn námskeið	31	402	2.890
Réttindanám	11	133	21.558
Íslenska fyrir útlendinga	43	379	12.855
Vottað nám	12	119	9.721
Nám fyrir fólk með fötlun	14	56	537
Samtals	111	1.089	47.562

Fræðslumiðstöðin hefur það að markmiði að bjóða upp á nám sem víðast og aðgengilegt sem flestum óháð búsetu. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka framboð af fjarnámi og jafnframt bjóða upp á fjaraðgang að staðkenndum námskeiðum þegar þess er kostur. Þótt fjöldi námskeiða og þátttakenda sé enn lang mestur á norðanverðum Vestfjörðum þá er svo komið að flestar nemendastundir eru í fjarkenndum námskeiðum. Það skýrist að stórum hluta af því að smáskipanám, sem er fjarkennt, er bæði mjög langt og með góða aðsókn en einnig skipta fjarkennd íslenskunámskeið og að einhverju leyti námsleiðir máli í þessu sambandi.


Staðsetning námskeiða	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda
Norðanverðir Vestfirðir	51	469	9.293
Sunnanverðir Vestfirðir	14	105	5.417
Reykhólar og Strandir	1	7	210
Fjarkennt	38	442	25.771
Fjarkennt og staðkennt*	7	66	6.871
Samtals	111	1.089	47.562

*Nám þar sem hluti nemenda er í skólastofu og hluti í fjarfundi.

Frá stofnun Fræðslumiðstöðvarinnar hefur verið töluverður kynjahalli á námskeiðum, körlum í óhag. Árið 2024 er hlutfall kynjanna mjög svipað og verið hefur síðustu ár, um tveir þriðju hlutar konur og þriðjungur karlar. Karlar eru í mjög miklum meirihluta þeirra sem sækja réttindanám, þ.e. smáskipanám og endurmenntun atvinnubílstjóra en konur eru í miklum meirihluta í öllu öðru námi.

Árið 2023 sveiflaðist aldursdreifing aðeins í átt að yngri þátttakendum samanborið við síðustu ár og var um þriðjungur þeirra innan við 35 ára. Árið 2024 hélt þessi þróun áfram og var um 37% þátttakenda innan við 35 ára. Smáskipanamið og íslenskunámskeiðin erum þeir flokkar sem hafa mestu áhrifin á sveifluna í átt að lægri aldri þátttakenda.

Í gegnum tíðina hefur þátttaka á námskeiðum verið langmest á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem mannfjöldinn er mestur og framboð náms hefur verið mest. Árið 2024 er engin undantekning en þó má sjá breytingar í þá átt að þátttakendum á sunnanverðum Vestfjörðum fjölgaði töluvert. Skipt eftir svæðum þá voru tæp 60% þátttakenda með skráð lögheimili á norðanverðum Vestfjörðum, 15% í Vesturbyggð og Tálknafirði, 3% á Ströndum og Reykhólum en 24% með skráð lögheimili utan Vestfjarða. Þetta er nánast sama skipting og á síðasta ár.



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir búsetu 2024.

Vottaðar námsleiðir

Vottaðar námsleiðir eru kenndar samkvæmt námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með stuðningi Fræðslusjóðs og eru ætlaðar fólki sem ekki hefur lokið námi í framhaldsskóla. Árið 2024 voru alls 12 hópar í vottuðum námsleiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Námsleið	Hópar
Að lesa og skrifa á íslensku	4
Fagnám í umönnun fatlaðra	2
Færni á vinnumarkaði	1
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	1
Uppleið	4


Vorið 2024 var Fræðslumiðstöðin í samstarfi við Arnarlax á Bíldudal um námskrána *Að lesa og skrifa á íslensku*. Markmið námsins er að auka hæfni fólks af erlendum uppruna í að nota íslensku í ræðu og riti. Alls voru þrjú hópar frá fyrirtækinu sem tóku þátt í náminu. Á vorönn var sama nám jafnframt kennt á Ísafirði fyrir hóp af fólki af taílenskum uppruna.

Í fyrsta skipti í langan tíma var boðið upp á Fagnám í umönnun fatlaðra. Markmið námsins er að auka færni og þekkingu námsmanna á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni Námið teygði sig yfir tvær annir og er því skráð sem tveir hópar. Námið var fjarkennt með staðlotum.

Fræðslumiðstöðin tók þátt í tilraunakennslu á nýju starfstengdu námi sem kallast Færni á vinnumarkaði og var samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar og símenntunarmiðstöðva. Námið er ætlað fötluðu fólki í atvinnuleit sem er að stíga inn á almenna vinnumarkaðinn. Námið var kennt á Ísafirði og fjarkennt til Hólmavíkur.

Um langt árabili hefur Fræðslumiðstöðin haldið *Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk* í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu en í kjarasamningum er kveðið á um rétt fiskvinnslufólks til að sækja slík námskeiðið. Eitt fiskvinnslunámskeið var haldið á Ísafirði árið 2024 og var það túlkað á pólsku.

Fræðslumiðstöðin á í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun, Virk og Starfsendurhæfingu Vestfjarða um nám sem kallast *Uppleið*. Markmið námsins er að auka færni námsmanna til að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í daglegu lífi og breyta þannig hugsun, tilfinningum og hegðun og í kjölfarið viðhalda betri líðan. Alls voru fjórir hópar í náminu, einn hópurinn samanstóð af íslenskum þátttakendum sem voru ýmist í stofu á Ísafirði eða í fjarkennslu en þrjú hópar voru alfarið í fjarnámi sem kennt var á pólsku.



Mynd 2. Fjöldi nemendastunda í vottuðu námi 2020-2024.

Samanlagður fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum voru 119 sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Nemendastundir reyndust þó aðeins færri en árið á undan og vantar nokkuð upp á að ná því sem oft hefur verið.

Réttindanám


Eftir að smáskipanám, bæði skipstjórn og vélstjórn, fór af stað aftur með nýjum námskrám árið 2022 hefur því verið mjög vel tekið hjá fyrirtækjum og einstaklingum svæðinu sem undirstrikar mikilvægi þess að geta boðið upp á slíkt nám á Vestfjörðum. Námið er að mestu fjarkennt en nemendur þurfa að sækja nokkrar staðkenndar lotur á Ísafirði/Patreksfirði og í Reykjavík.

Vorið 2024 luku 25 nemendur skipstjórn og 12 luku vélstjórnarnámi. Haustið 2024 hófu svo 17 nám í skipstjórn og 15 í vélstjórn. Þess má geta að miðstöðin er í samstarfi við Skipstjórnarskóla Tækniskólans um skipstjórnarhluta smáskipanámsins og í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði vegna verklega hlutans í vélgæslunámi.

Fræðslumiðstöðin er með leyfi frá Samgöngustofu til að kenna endurmenntunarnámskeið sem atvinnubílstjórar þurfa að sækja til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín. Árið 2024 voru haldin 6 endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra, ýmist fjarkennd eða staðkennd.

Í fyrsta skipti í mjög langan tíma var boðið upp á nám fyrir dyraverði í samvinnu við Lögregluna á Vestfjörðum en að loknu slíku námskeiði geta þátttakendur sótt um dyravarðaskírteini.

Þriðja árið í röð er réttindanámið sá flokkur sem er með langflestar nemendastundir, alls rúmlega 21.500 eða um 45%. Það skýrist að stórum hluta af því hversu langt smáskipanámið er.




Mynd 3. Fjöldi nemendastunda í réttindanámi 2020-2024.

Íslenska sem annað mál

Fræðslumiðstöðin, eins og aðrar símenntunarmiðstöðvar, sækir árlega um fjármagn til íslenskukennslu til Rannís og ræðst fjöldi námskeiða af því hvert framlagið er. Árið 2024 fengust rúmar 5,8 milljónir til niðurgreiðslu á kennslu 38 námskeiða en hvert námskeið eru 30 kennslustundir (20 klukkustundir). Eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum var hins vegar meiri en sem nam þeim fjölda sem styrkur fékkst fyrir. Það var mat Fræðslumiðstöðvarinnar að afar mikilvægt væri að bregðast við þessum áhuga og fór svo að í lok árs var búið að halda 43 námskeið. Alls sóttu 379 nemendur íslenskunámskeið hjá miðstöðinni sem aukning frá fyrra ári. Nemendastundum í íslensku hefur fjölgað nokkuð jafnt og þétt undanfarin ár og voru tæplega 12.800 árið 2024 sem er vel rúmlega fjórðungur allra nemendastunda hjá miðstöðinni. Flest íslenskunámskeiðin eru


staðkennd fyrir utan sérsniðin námskeið fyrir Tailendinga sem miðstöðin hefur boðið upp á undanfarin ár í samstarfi við tvo kennara. Nánast allir nemendur á þeim námskeiðum eiga lögheimili utan Vestfjarða.



Mynd 4. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga 2020-2024.

Almenn námskeið

Til almennra námskeiða teljast bæði tómstundanámskeið og námskeið sem líta má á sem endurmenntun og starfsþróun. Til skamms tíma var stærstur hluti þátttakenda í námi hjá Fræðslumiðstöðinni verið að sækja almenn námskeið en undanfarin ár hefur þessi flokkur námskeiða verið hlutfallega mjög lítil frá er talið árið 2022. Þó má greina örlitla aukningu frá fyrra ári, námskeiðin 2024 voru, samanlagður fjöldi þátttakenda 402 og nemendastundirnar 2.891.




Mynd 5. Fjöldi nemendastunda á almennum námskeiðum 2020-2024.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Alls voru 14 námskeið/hópar fyrir fatlað fólk árið 2024, nemendastundirnar á árinu voru 537 og þátttakendurnir 56. Þetta er dálítill samdráttur frá fyrra ári en rétt að taka fram að inni í þessum tölum er ekki námi *Færni á vinnumarkaði* sem áður er getið um þar sem það flokkast undir vottað nám. Framboð á námskeiðum fyrir fólk með fötlun ræðst af því fjármagni sem miðstöðin fær frá Fjölmennt. Samkvæmt samningnum við Fjölmennt hefur miðstöðin leyfi til að hafa námskeið fyrir

mjög fámenna hópa. Með því er hægt að sníða námskeiðin betur að þörfum þátttakenda og bæta þannig þjónustuna við þennan hóp.



Mynd 6. Fjöldi nemendastunda í námi fyrir fatlað fólk 2020-2024.

Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl

Hjá Fræðslumiðstöðinni er einn náms- og starfsráðgjafi í hlutastarfi sem sinnir hvatningar- og starfsþróunarsamtölum við ráðþega auk þess að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Aðrir ráðgjafar og verkefnastjórar hjá miðstöðinni sinna einnig viðtölum og aðstoða fólk eftir þörfum. Í nokkur ár hefur verið boðið upp á hvatningarviðtöl á pólsku og er það töluvert notað. Ráðgjöf fer fram á starfsstöðvum Fræðslumiðstöðvarinnar, inni á vinnustöðum, í gegnum fjarfund eða síma.

Fyrir árið 2024 var framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða tæpar 5,9 milljónir og var fjármagnið að mestu nýtt en skil voru 96 þúsund krónur. Heildarfjöldi viðtala hjá Fræðslumiðstöðinni voru 334. Um 27% viðtala voru rafræn (sími eða fjarfundur). Tölfræði viðtala er eftirfarandi:

Kyn	
Kona	200
Karl	130
Kynsegin/annað	4
Alls	334

Menntunarstig	
Grunnskóli	91
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	156
Stúdentspróf	12
Starfsmenntun - minna en tvö ár	34
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	21
Iðnmenntun	2
Háskólapróf	18
Alls	334

Aldursbil	
25 ára og yngri	65
26-35 ára	122
36-45 ára	63
46-55 ára	42
56 ára og eldri	42
Alls	334

Viðtalstegund	
Hvatningarviðtal	217
Ráðgjafaviðtal	117
Alls	334

Staða á vinnumarkaði	
Atvinnuleitandi	50

Hlutastarf og hlutabætur	4
Í námi	9
Í starfi	241
Starfsendurhæfing	18
Öryrki	5
Annað	7
Alls	334

Ástæða viðtals	
Að eigin frumkvæði	185
Boðun í viðtal vegna VMST	3
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	77
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	9
Færnimöppugerð	13

Færnimöppugerð v. raunfærnimats	10
Skimun í raunfærnimat	28
Stuðningur í matssamtali	7
Tilvísun frá VIRK	2
Alls	334

Þjóðerni	
Ísland	161
Pólland	111
Aðrar þjóðir	62
Alls	334

Raunfærnimat

Raunfærnimat er ein af stoðunum í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Vinna við raunfærnimat felst í því að kynna matið fyrir mögulegum þátttakendum, veita ráðgjöf og aðstoða við undirbúningu matsins, útvega matsaðila, skipuleggja framkvæmd og veita eftirfylgni og ráðgjöf að mati loknu. Árið 2024 bauð Fræðslumiðstöðin upp á raunfærnimat fyrir þjónustubrautir (félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa), fisktækni (fiskvinnsla og fiskeldi), matartækni og í almennri starfshæfni. Í almennri starfshæfni er ekki metið á móti áföngum í formlega skólakerfinu og því fá þátttakendur engar einingar í því mati.

Alls fóru 14 í gegnum raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á árinu og voru metnar einingar alls 786. Skiptingin á milli greina var eftirfarandi:

Raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2024	Fjöldi þátt.	Konur	Karlar	Annað kyn	Fjöldi metinna eininga	Meðaltal metinna eininga	Meðalaldur
Almenn starfshæfni	4	1	2	1	-	-	35
Þjónustubrautir	2	1	1		155	77	40
Fisktækni	7	3	4		602	86	40
Matartækni	1		1		29	29	66
Samtals	14	5	8	1	786	79	41

Ákveðið var að flytja hluta þess fjármagns sem fékkst til raunfærnimats yfir á næsta ár en raunfærnimatsárið er 18 mánuðir og er því fram á mitt ár 2025.

Þjónusta við atvinnulíf og skóla

Fræðslumiðstöðin leggur áherslu á góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Þetta er gert með því að bjóða upp á starfstengd námskeið og aðra þjónustu eins og fræðslustjóra að láni, ráðgjöf og raunfærnimat fyrir starfsfólk.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið *Fræðslustjóri að láni* byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja sem er sérhæfður í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð verkefnisins er sérsniðin fræðsluáætlun þar sem búið er að leggja línurnar í fræðslumálum marga mánuði fram í tímann. Ekkert fræðslustjóraverkefni var í gangi árið 2024.

Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir

Fræðslumiðstöðin býður fyrirtækjum og stofnunum upp á sérsniðin námskeið. Í gegnum tíðina hefur miðstöðin átt afar gott samstarf við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu og nú hafa fiskeldisfyrirtækin bæst við. Stærsta einstaka verkefnið fyrir fyrirtæki árið 2024 var umfangsmikil íslenskukennsla fyrir fiskeldisfyrirtæki þar sem yfir 30 starfsmenn sóttu íslenskunámskeið á vinnutíma, einn heilan dag í viku, á tímabilinu frá miðjum mars til loka maí. Þá var haldið eitt grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk á árinu. Auk þess hafa fiskeldisfyrirtæki stutt vel við sitt fólk til þess að sækja sér skipstjórnar- og/eða vélstjórnarréttindi á opnum námskeiðum.

Árið 2024 voru haldin þrjú námskeið fyrir starfsfólk leikskóla á norðanverðum og eitt námskeið fyrir sjúkraliða. Þá var haldið eitt íslenskunámskeið fyrir skólaliða og Teacch námskeið fyrir starfsfólk Ísafjarðarbæjar sem vinnur með fötluðu fólki. Þessu til viðbótar voru nokkur skyndihjálparnámskeið fyrir vinnustaði í samstarfi við Rauða krossinn og tvö sérsniðin tölvunámskeið.

Vinumálastofnun á Vestfjörðum, Starfsendurhæfingu Vestfjarða og Virk

Fræðslumiðstöðin á gott samstarf við þá aðila sem vinna að virkni einstaklinga og eflingu til atvinnuþátttöku, þ.e.a.s. Vinnumálastofnun, Stafsendurhæfingu Vestfjarða og Virk. Árið 2024 voru þau úrræði sem þessar stofnanir nýttu fyrst og fremst íslenskunámskeið, námskeið til undirbúnings raunfærnimats í almennri starfshæfni og mat í framhaldinu, námsleiðina *Uppléið* sem var kennd bæði á íslensku og pólsku og námsleiðina *Færni á vinnumarkaði*. Þess utan gat fólk frá þessum samstarfsaðilum sótt önnur námskeið og einnig voru framkvæmdar nokkrar áhugasviðsgreiningar með ráðgjöf í framhaldi.

Frístundafiskimenn – samstarf við ferðaþjónustufyrirtæki

Um langt skeið hefur Fræðslumiðstöðin í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki og með leyfi Samgöngustofu séð um próf sem lögð eru fyrir erlenda frístundafiskimenn sem koma til Vestfjarða og hafa ekki nauðsynleg réttindi. Standist þeir prófið fá þeir tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð nr. 1005/2010 (með síðari breytingum) um frístundafiskiskip og öryggi þeirra og námsskrá.

Eins og undanfarin ár sá Veigar Gíslason um próftökuna fyrir hönd Fræðslumiðstöðvarinnar. Mjög hefur dregið úr umfangi þessa verkefnis en alls voru 15 sem tóku próf árið 2024.

Próftaka

Fyrir utan umsjón og aðkomu að prófum fyrir Háskólasetur og frístundafiskimenn hefur Fræðslumiðstöðin séð um próftöku á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík fyrir einstaklinga í fjarnámi

af ýmsu tagi. Meðal fræðsluaðila sem boðið hafa nemendum sínum að nýta þennan kost eru Vinnuvélaskólinn, Vinnueftirlitið, Umhverfisstofnun, Keilir, Tækniskólinn, FÁ o.fl. Alls voru 88 próf undir þessum lið starfseminnar árið 2024. Auk þess hefur Fræðslumiðstöðin, í umboði Mímis, séð um framkvæmd íslenskuprófa á Ísafirði vegna umsóknar um ríkisborgararétt.

Samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði

Fræðslumiðstöðin er með samning við sjóðina Sveitamennt og Ríkismennt þess efnis að það starfsfólk sem vinnur hjá ríki eða sveitafélögum og greiðir til Verkalýðsfélags Vestfirðinga eða Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur geti sótt starfstengd námskeið sér að kostnaðarlausu, þ.e. sjóðirnir greiða fyrir sitt félagsfólk og Fræðslumiðstöðin sækir námskeiðsgjöldin beint til sjóðanna. Þetta samstarf hefur skipt miklu máli þegar kemur að því að bjóða upp á fræðslu og endurmenntun fyrir starfsfólk sem á aðild að þessum sjóðum.

Í gegnum tíðina hefur Fræðslumiðstöð einnig átt gott samstarf við starfsmenntasjóði annarra stéttarfélaganna, oftast í formi þess að sjóðirnir greiða þátttökugjöld fyrir sitt fólk á tiltekin námskeið. Árið 2024 buðu Kjölur og Sameyki auk Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur félagsfólki sínu að sækja ákveðin tómsbundan námskeið sér að kostnaðarlausu. Með þessu samstarfi er aðgengi að tómsbundan námskeiðum aukið og ýtt undir þátttöku og er fullur vilji hjá miðstöðinni til að halda slíku áfram.

Samstarf símenntunarmiðstöðva og fullorðinsfræðsluaðila

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að tveimur samtökum, annars vegar Símennt og hins vegar Leikn.

Símennt – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Símennt eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Markmið samtakanna eru m.a. að vinna að símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi.

Símennt heldur tvo fundi á ári, forstöðumannafund að vori og fund sem verkefnastjórar og ráðgjafar geta tekið þátt að hausti. Haustið 2024 var verkefnastjórafundurinn á Ísafirði. Um 60 manns tóku þátt í fundinum sem var vel heppnaður.

Undanfarin misseri hefur Sædís María Jónatansdóttir setið í stjórn Símenntar og mun gera það fram á að vofundi 2025.

Leikn - Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Þátttaka Fræðslumiðstöðvarinnar í starfsemi Leiknar árið 2024 fólst fyrst og fremst í því að sækja fyrirlestra og fræðsluerindi sem samtökin bjóða upp á í fjarfundi.

Þróunarverkefni - samstarfsverkefni

Evrópuverkefni

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar lauk þátttöku í tveimur Evrópuverkefnum sem áður voru komin af stað, annars vegar *Blue mentor* og hins vegar *Projekt Slaskie*.

Blue mentor er leitt af aðilum í Noregi með þátttöku fleiri aðila á Íslandi. Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar í verkefninu var að skoða stöðu fræðslumála fyrir starfsfólk í fiskeldi og hvernig hægt væri að koma til móts við fræðsluþarfir innan greinarinnar. Vinnan við verkefnið árið 2024 var að ganga frá lokaskýrslu og uppgjöri.

Projekt Slaskie snýr að iðnmenntun og hvernig efla megi markaðssetningu og námsframboð iðnnáms. Þátttakendur eru nokkrar stofnanir frá Slaskie héraði í Póllandi auk Vestfjarðastofu, Fræðslumiðstöðvar og Menntaskólans á Ísafirði. Vinna við verkefnið árið 2024 fólst í fundum vegna þróunar pólsku samstafsáðilanna á appi fyrir grunnskólanema sem ætlað er að auðvelda þeim val á iðnnámi. Verkefninu lauk á vormánuðum 2024.

Á haustmánuðum 2024 sótti Fræðslumiðstöð Vestfjarða um aðild að Erasmus+ áætluninni og var umsóknin samþykkt í desember. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli Fræðslumiðstöðvar og Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir miðstöðinni fjármagn til evrópsks samstarfs á tímabilinu 2025-2027. Með því að fá Erasmus+ aðild er staðfest að Fræðslumiðstöð hafi unnið vandaða áætlun um erlent samstarf og náms- og þjálfunarferðir.

Gefum íslensku séns

Gefum íslensku séns er verkefni sem hefur það markmið að auka vitund fólks um að til þess að ná tókum á tungumáli þurfi að nota það. Verkefnið rekur upphaf sitt til Háskóla- og Háskólaseturs Vestfjarða og Ólafs G. Kristjánssonar íslenskukennara. Á árinu 2024 var settur formlegri rammi um verkefnið og sótt um styrk til menningar- og viðskiparáðuneytisins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til þess að þróa verkefnið áfram. Ráðuneytin samþykktu styrk síðla árs 2024 sem gildir til loka janúar 2026. Með samningnum færðist verkefnið formlega til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Viðurkenning fræðsluaðila

Ár árinu 2024 var unnið að endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem fyrri viðurkenning rann úr gildi undir lok árs. Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar uppfyllir á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning sem fræðsluaðili er ein forsenda þess að geta sótt um fjármagn til Fræðslusjóðs vegna námsleiða, ráðgjafar og raunfærnimats. Endurnýjuð viðurkenning var gefin út 13. desember 2024 og gildir til 13. desember 2027.

Í framhaldi var jafnframt sótt um endurnýjun á staðfestingu frá Samgöngustofu á leyfi til að kenna smáskipanám þar sem fyrra leyfi hafði sama gildistíma og viðurkenning fræðsluaðila. Núverandi staðfesting Samgöngustofu gildir til 13. desember 2027 rétt eins og viðurkenningin frá ráðuneytinu.

Gæðavottun

Tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna er eitt af skilyrðum þess að teljast viðurkenndur fræðsluaðili í fullorðinsfræðslu. Fræðslumiðstöðin hefur verið með EQM gæðavottun (European Quality Mark) frá árinu 2013. EQM er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM tekur mið af gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með samning um EQM-úttektir og á slík úttekt að fara fram reglulega hjá símenntunarmiðstöðvum.

Upphaflega náði vottunin aðeins til náms en nú er raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf einnig undir og kallast kerfið þá EQM+.

Fræðslumiðstöðin fór síðast í gæðaúttekt í október 2022. Gæðavottun er til þriggja ára í senn og er miðstöðin því með vottun til ársins 2025.

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sett sér eftirfarandi markmið fyrir starfsemi ársins 2025:

Vottaðar námsleiðir

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna kennslu vottaðra námsleiða. Framlög til kennslu vottaðs náms árið 2025 eru 17.300.000 kr.
- Hvaða námsleiðir verða endanlega kenndar ræðast af eftirspurn og þörf. Áætlað er að kenna eftirfarandi námsleiðir með að meðaltali 10 þátttakendum í hverjum hópi:

Námsleið	Önn	Hópar
Uppléið (á pólsku)	Vor og haust	2
Meðferð matvæla (íslenska)	Vor	2
Meðferð matvæla (pólska)	Vor	1
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	Vor	1
Að lesa og skrifa á íslensku (klára)	Vor	1
Fagnám í starfi með fötluðu fólki	Haust	1
Líf og heilsa	Haust	1
Velferðartækni	Haust	1
Uppléið (á íslensku)	Haust	1
Uppléið (á pólsku)	Haust	2
Skref til sjálfshjálpar	Haust	2
Ótilgreind námsleið	Haust	1

Náms- og starfsráðgjöf

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna náms- og starfsráðgjafar. Framlag til ráðgjafar á árinu 2025 er 5.545.000 kr.
- Fjöldi viðtala mun fara eftir hvernig skipting verður á milli ráðgjafaviðtala, hvatningaviðtala og hópviðtala.
- Þjóða viðtöl innan fyrirtækja og stofnana.
- Viðtöl og stuðningur vegna raunfærnimats.

Raunfærnimat

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Framlag til raunfærnimats á árinu 2025 eru samtals 7.420.000 kr. og skiptist þannig á greinar:
 - Almenn starfshæfni
 - Fiskvinnsla og fiskeldi
 - Ótilgreindar iðngreinar í samstarf við IÐUNA
 - Þjónustubrautir
 - Matartækni

- Skipstjórn í samstarfi við Visku
- Sjúkraliðabraut
- Rafiðngreinar í samstarfi við Rafmennt
- Kynna raunfærnimat fyrir fyrirtækjum og einstaklingum með heimsóknum og viðtölum.
- Áframhaldandi samstarf við Vinnumálastofnun um raunfærnimat fyrir atvinnuleitendur.

Íslenska sem annað mál

- Kenna 38 námskeið með að lágmarki 10 þátttakendur hvert í samræmi við úthlutun Rannís til íslenskukennslu fyrir árið 2025. Hvert námskeið er 30 kennslustundir/20 klukkustundir.
- Þjóða upp á íslenskunámskeið á stigi 1-3. Námskeið verði í boði á Ísafirði, Patreksfirði og fjarkennt. Jafnframt að vinna að því að koma á námskeiðum á fleiri stöðum.
- Halda áfram með fjarkennd námskeið fyrir Taíendinga.

Réttindanám

- Ljúka seinni hluta af smáskipanámi (skipstjórn og vélgæslu) sem hófst haustið 2024.
- Hefja nýtt nám haustið 2025 með tvo hópa í skipstjórn og einn hóp í vélgæslu.
- Þjóða upp á endurmenntun fyrir atvinnubílstjóra að vori.
- Ljúka fýsileikakönnun á kaupum á siglingahermi og fjarskiptahermi og vinna að málinu í samræmi við niðurstöður hennar.

Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun

- Þjóða upp á fjölbreytt námskeið sem rúmast innan samnings við Fjölmennt – símenntun og þekkingarsetur um kennslu og þjónustu við fólk með fötlun.
- Vinna með þroskaþjálfanema í starfsnámi hjá miðstöðinni.

Almenn námskeið / starfstengd námskeið

- Þjóða upp á a.m.k. 30 almenn námskeið yfir árið.
- Vinna með fyrirtækjum og stofnunum að auknu framboði af starfstengdum námskeiðum.
- Áframhaldandi samstarf við Rauða krossinn um skyndihjálparnámskeið, bæði til fyrirtækja og einstaklinga.
- Festa betur í sessi samstarf við starfsmenntasjóði um greiðslu þáttökugjalda á tilteknum námskeiðum.
- Fjölga staðkenndum námskeiðum á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum.
- Fjölga þátttakendum utan norðanverðra Vestfjarða á fjarkenndum námskeiðum.

Gefum íslensku séns og samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum

- Ganga frá ráðningu verkefnastjóra.
- Vinna að markmiðum samnings um Gefum íslensku séns við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneytið.
- Vinna að markmiðum samnings um samræmda móttöku og inngilding íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum. Samningurinn er við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

- Auka áherslu á þjónustu við fyrirtæki og stofnanir varðandi stuðning við fræðslu og þjálfun starfsfólks. Tækin sem miðstöðin hefur eru:
 - Fræðslustjóri að láni þar sem fram fer greining fræðsluþarfa með greiningarkerfinu Fagleg fyrirtækjafræðsla.
 - Fræðsluáætlanir.
 - Sérniðin starfstengd námskeið samkvæmt beiðnum fyrirtækja og stofnana.
 - Almenn starfstengd námskeið.
 - Leiðsögn um hvar er hægt að sækja um styrki vegna fræðslu starfsmanna.
 - Hæfnigreining starfa.
 - Fagbréf atvinnulífsins.

Þróunarverkefni/samstarfsverkefni

- Sækja um náms- og þjálfunarverkefni í tengslum við Erasums+ vottun Fræðslumiðstöðvar 2025-27.
- Koma pólska málfræðiheftinu *Íslenska málfræðihandbókin mín* í meiri dreifingu.

Markaðs- og kynningarmál

- Hefja undirbúning að uppfærslu á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.
- Áframhaldandi þróunarstarf teymis í markaðs- og kynningarmálum.

Gæðamál

- Fullgera gæðahandbók.
- Endurskoða sjálfsmatslista.
- Undirbúningur fyrir EQM+ úttekt sem verður seinni hluta árs 2025.

Starfsmannamál

- Ráða verkefnastjóra fyrir *Gefum íslensku séns*.
- Starfsfólk taki þátt í einni ráðstefnu erlendis og / eða verkefnum á vegum Erasmus+.
- Starfsfólk taki þátt í starfi og fræðslu Símenntar og Leiknar.
- Starfsfólk sækji sér endurmenntun eftir því sem tækifæri gefast.
- Fræðslumiðstöð setji formlega starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar.

Húsnæði/aðstaða

- Fylgja eftir að endurbætur á húsnæði vegna myglu verði kláraðar, kennslustofur og skrifstofa.
- Endurnýja stóla í kennslustofum.

Önnur verkefni

- Hefja stefnumótun fyrir miðstöðina haustið 2025, ljúka vorið 2026.
- Sinna prófum fyrir Háskólasetur og aðra.

Fjárhagsáætlun

Tekjur	Áætlun 2025
Framlög og styrkir	
Rekstrarsamningar vegna framhaldsfræðslu	31.700.000
Styrkir (Fjölmennt, erlent samst.)	9.000.000
Styrkir geymdir til næsta árs, breyting	3.000.000
Samtals	43.700.000
Sí- og endurmenntun	
Framlög frá ríki v. Íslenska f. útlendinga	5.900.000
Framlög frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	30.700.000
Sérverkefni (GÍS og Inngilding)	19.000.000
Greitt af þátttakendum	35.000.000
Endurgreiddur brúarkostnaður	0
	90.600.000
Samtals tekjur	134.300.000
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	(70.000.000)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(14.000.000)
Annar rekstrarkostnaður	(15.000.000)
Verkefna- og námskeiðskostnaður	(33.000.000)
Fyrningar/afskriftir	(400.000)
	(132.400.000)
Afkoma fyrir vaxtaliði	1.900.000
Vaxtaliðir	
Hagnaður (tap)	

Lokaorð

Framhaldsfræðslan er ein af meginstöðum í starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, þar sem markmiðið er að styðja einstaklinga með stutta formlega menntun og skapa þeim tækifæri til náms og starfsþróunar. Það er fátt ánægjulegra en að taka á móti einstaklingi í náms- og starfsráðgjöf sem finnur sér farveg í raunfærnimati og/eða námi innan eða utan miðstöðvarinnar – og heldur áfram í frekara nám, oft með nýfunduð sjálfstraust og markmið. Menntun þarf að vera aðgengileg og sveigjanleg og mæta þörfum samfélagsins – ekki aðeins í dag, heldur líka til framtíðar.

„At vide er at vokse“ – að vita er að vaxa, segir í dönskum dægurlagatexta sem finna má í söngbókum lýðháskólanna í Danmörku. Þessi einföldu orð fanga kjarna símenntunar: Að læra nýja hluti er nærandi, vekur með okkur forvitni og eykur persónulegan styrk. Nú þegar framboð á upplýsingum og námi á stafrænu formi hefur aldrei verið meira, er sérstaklega mikilvægt að menntun verði ekki einungis mötun. Við verðum að leggja áherslu á gagnrýna hugsun og hæfni til að meta upplýsingar. Við megum ekki missa sjónar af mikilvægi þess að fólk komi saman, deili reynslu og læri hvert af öðru í lífandi námsamfélagi.

Samfélagið er síbreytilegt og þekkingin endalaus – því þarf starf Fræðslumiðstöðvar ávallt að endurspeglar þau mál sem brenna á fólki hverju sinni. Á Vestfjörðum byggjum við upp fjölbreytt og fjölmenningslegt samfélag. Í því samhengi skipa íslenskunámskeið lykilhlutverk í starfsemi miðstöðvarinnar.



Við höfum tekið virkan þátt í þróun verkefnisins *Gefum íslensku séns*, og síðla árs tók miðstöðin formlega við verkefninu af Háskólasetri Vestfjarða. Með styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti getum við haldið áfram að þróa verkefnið af krafti. Leiðarljós verkefnisins er að samfélagið eigi að gera íslenskunni hærra undir höfði – að samfélagið sé sjálft lykill að tungumálinu. *Lærum hvert af öðru* er sú hugsun sem liggur að baki. Jákvæð áhrif verkefnisins eru þegar farin að koma fram, og íslenskunám innan veggja Fræðslumiðstöðvar hefur aldrei verið öflugra. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komið hafa að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Starf Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða byggir á þeirri sannfæringu að menntun sé lífsgæði – og að tækifæri til náms og vaxtar eigi að standa öllum til boða, óháð bakgrunni eða lífsskeiði. Við erum stolt af því að vera hluti af samfélagi sem leggur rækt við þekkingu, fjölbreytileika og samvinnu. Áfram ætlum við að hlúa að námsumhverfi þar sem fólk hittist, lærir hvert af öðru og finnur sér farveg. Þannig styrkjum við einstaklinga og samfélagið í heild.


Ég vil þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi Fræðslumiðstöðvar á árinu 2024 – frábæru samstarfsfólki, þátttakendum, kennurum, stjórn, fulltrúaráði, samstarfsaðilum og styrktaraðilum. Takk fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég hlakka til áframhaldandi verkefna, nýrra tækifæra og áframhaldandi vaxtar.

Sædís María Jónatansdóttir, framkvæmdastýra


Viðauki – Gröf með upplýsingum úr starfseminni





Fjöldi nemendastunda 2020-2024



Fjöldi nemendastunda eftir námskeiðsflokkum 2024





Hlutfallsleg skipting þátttakenda á námskeiðum eftir búsetu

